



## Fundur í byggðaráði

**50. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar, haldinn að á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 föstudaginn 10. desember 2021. Fundur var settur kl. 12:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð.

Hann lagði til að einum lið yrði bætt við dagskrá. Ályktun byggðaráðs um starf fulltrúa sýslumanns á Þórshöfn.

Var það samþykkt og var því næst gengið til dagskrár.

## Fundargerð

### 1) Fundargerð 14. fundar fulltrúaráðs HNP 15.11.2021

Fundargerð 14. fundar fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga frá 15. nóvember 2021 lögð fram.

### 2) Drög að húsnæðisáætlun Langanesbyggðar

Drög að húsnæðisáætlun Langanesbyggðar kynnt. Áætlunin er nú unnin rafrænt og því hægt að gera breytingar á henni með minni fyrirvara en áður.

### 3) Opnunartímar Vers, erindi frá UMFL

Erindi frá UMFL, dags. 7. desember 2021, vegna opnunartíma sundlaugar lagt fram. Farið er fram á lengingu opnunartíma á virkum dögum og á laugardögum.

*Bókun um afgreiðslu:* Erindinu vísað til velferðarnefndar til umsagnar.

Samþykkt.

### 4) Samstarf við Íslandspóst vegna pósthjónustu

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi þann 8. desember sl., með fulltrúum Íslandspóst um mögulegt samstarf um dreifingu pósts á Þórshöfn, póstafrgreiðslu og leigu hluta húsnæðis að Fjarðarvegi 5 fyrir póstafrgreiðslu á Þórshöfn.

### 5) Greinargerð Þjónustumiðstöðvar vegna viðgerða á íbúð á Hálsvegi

Lögð fram til kynningar greinargerð vegna skemmda og nauðsynlegra viðgerða á íbúðum sveitarfélagsins að Hálsvegi 9 en aðallega að Hálsvegi 11.

### 6) Viljayfirlýsing um mögulega björgunarmiðstöð á Þórshöfn

Lögð fram drög að viljayfirlýsing um rekstur og byggingu björgunarmiðstöðvar á Þórshöfn. Aðilar eru: Slökkvilið Langanesbyggðar, Neyðarlínan ohf., Heilbrigðisstofnun



Norðurlands, Björgunarsveitin Hafliði. Markmið með viljayfirlýsingunni er að ná fram hámarks samhæfingu og samvinnu auk hagræðingar í starfsemi þeirra sem að yfirlýsingunni standa. Aðilar eru sammála um að láta vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu sem felur í sér þau atriði sem nánar er vikið að í útfærslu þessa verkefnis hér á eftir með langtímahagsmuni í huga.

Bókun um afgreiðslu: Viljayfirlýsingunni er vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt.

## 7) Samantekt vegna ungmennafings SSNE

Samantekt vegna ungmennafings SSNE 2021 lögð fram. Þátttakendur frá Langanesbyggð voru Henryr Karl Hlynsson og Karolina Sara Tarasiewicz. Byggðaráð þakkar þeim fyrir framlag þeirra fyrir hönd Langanesbyggðar. Umsjónarmaður Langanesbyggðar er Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins.

## 8) Starfsmannamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir breytingum á starfsmannahaldi skrifstofu. Jóhann Hafberg er að minnka starfshlutfall sitt í um 25% og Bjarnheiður Jónsdóttir tekur til starfa sem nýr starfsmaður í næstu viku. Hún verður í um 70% starfshlutfalli fyrst um sinna a.m.k. Þá liggur fyrir ósk skólastjóra grunnskólans um minnkað starfshlutfall í kennslu.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að skoða kostnaðaráhrif breytinga á kennsluskyldu skólastjóra.

Samþykkt samhljóða.

## 9) Stofnum einkahlutafélags um rekstur Fjarðarveggar 5

Lögð fram eftirfarandi gögn um stofnun einkahlutafélag um rekstur húseignarinnar að Fjarðarvegi 5 á Þórshöfn: Drög að samþykktum og stofnsamþykkt einkahlutafélags.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð mælir með stofnun einkahlutafélags um rekstur Fjarðarveggar 5 og stofnsamþykktir nýs félags og vísar málinu sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Samþykkt.

## 10) Samþykkt um breytingar á samþykktum um stjórn Langanesbyggðar

Lögð fram tillaga að breytingu á samþykktum um stjórn Langanesbyggðar nr. 10/2019 með síðari breytingum.

Bókun um afgreiðslu: Tillögunni er vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Samþykkt.

## 11) Framkvæmdir við Ver 2021

Lögð fram tillaga um framkvæmdir við íþróttamiðstöðina Ver á næsta ári, ásamt fylgigögnum.



Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að viðgerðir á þaki Vers skuli hafnar á árinu 2022. Undirbúningur framkvæmda skal hefjast hið fyrsta. Miða skal við að viðgerðir á þaki verði boðnar út í einu lagi skv. minnisblaði 08 og leið A, sbr. verklýsingar dags. í okt. 2021.

Samþykkt.

## 12) Ályktun um starf fulltrúa sýslumanns á Þórshöfn

Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu að ályktun:

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð hvetur dómsmálaráðherra og fjárlaganefnd eindregið til að samþykkja reglugerð og tryggja fjárveitingu fyrir starfsstöð sýslumanns á Norðurlandi eystra á Þórshöfn.

Auk þess sem starfsmaðurinn hefur sinnt fjölmörgum nytsömum verkefnum fyrir sýslumannsembætti í landinu, hefur staðsetning reynst íbúum í Langanesbyggð og nágrenni mjög mikilvæg. Það er um 320 km akstur, fram og til baka til Húsavíkur á næstu skrifstofu sýslumanns, með tilheyrandi kostnaði og tíma fyrir íbúa á svæðinu til að sinna mörgum og fjölbreytilegum en nauðsynlegum verkefnum. Störf á Þórshöfn falla vel að fyrirætlunum sem koma fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um störf úti á landi.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40